

Glassriver ehf.
Borgartúni 24
105 Reykjavík

Reykjavík, 5. maí 2021
UST202103-435/I.M.B.
09.06.01

Efni: Breyting á leyfi til kvikmyndatöku, drónaflugs og aksturs utan vega í og við Dyrhólaey

Þann 16. apríl 2021 veitti Umhverfisstofnun Glassriver ehf., leyfi fyrir sitt leiti, til kvikmyndatöku og akstri utan vega í og við Dyrhólaey en umsókn um notkun dróna í friðlandinu þann 17.-18. maí var synjað.

Dyrhólaey er friðlýst sem friðland sbr. auglýsing nr. 101/1978. Óheimilt er að skaða eða trufla dýralíf á svæðinu. Mannvirkjagerð og jarðrask er óheimilt nema með leyfi Umhverfisstofnunar.

Umsækjandi hefur með erindi til Umhverfisstofnunar þann 3. maí 2021 tilkynnt um breytt fyrirkomulag drónaflugs og breyttar dagsetningar fyrir verkefnið sem sótt var um í fyrri umsókn, dags. 26. mars 2021.

Verklýsing

Færast dagsetningar verkefnis úr fyrra leyfi til 5.-6. maí í stað 17.-18. maí ásamt því að breytt er fyrirkomulagi um notkun dróna sem sem synjað var um í fyrra leyfi Umhverfisstofnunar.

Óskað er eftir leyfi til drónaflugs sem verður með þeim hætti að drónanum verður flogið í 50 m hæð suðvestan Dyrhólaeyjar og verður hann kyrrsettur þar um stund og mun hann ekki fara nær bjarginu og fuglunum en 50m.

Einnig er óskað eftir að fá að setja upp matartjald í fjörunni við eyrna á meðan tókum stendur.

Áhrifamat

Áhrif drónaflugsins eru skammvinn truflun fyrir dýralíf og gesti svæðisins en umsækjandi hefur breytt tilhögun verkefnisins til samræmis við ábendingar Umhverfisstofnunar til að lágmarka áhrif þess á fuglalíf og gesti svæðisins. Drónaflugið mun fara fram á þeim tíma dags sem minnst er af fugli í eyrni. Uppsetning matartjaldsins er ekki talið hafa neikvæð áhrif á svæðið.

Niðurstaða

Umhverfisstofnun heimilar fyrir sitt leiti breytingu á dagsetningum fyrra leyfis Glassriver ehf., frá 16. apríl 2021, til 5.-6. maí 2021. Einnig veitir stofnuni leyfi til notkunar dróna í friðlandinu 5.-6. maí sbr. lýsingu hér að ofan. Að auki þeim skilyrðum sem talin eru upp í fyrra leyfi skal farið eftir eftirfarandi skilyrðum:

- Athuga skal vel stöðu fuglalífs áður en drónaflug fer fram.
- Upplýsa skal gesti svæðisins áður ef framkvæmdir fara fram.
- Ef dróninn veldur truflun á dýralífi skal honum lent samstundis og ekki setja hann aftur á loft fyrir en búið er að ráðfæra sig við landvörð.
- Óheimilt er að fljúga drónanum nær fuglum í bjargi en 50 m.
- Landvörður þarf að hafa eftirlit og taka út svæðið með tilliti til verndar fuglalífs

Virðingarfyllst,

Magnús Freyr Sigurkarlsson,
sérfræðingur

Ingibjörg M. Bjarnadóttir,
sérfræðingur